

**“Drög að frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið”.**  
**Álit og tillögur áhugahóps um Ríkisútvarpið.**

Áhugahópur um Ríkisútvarpið fagnar tækifæri til að koma með ábendingar og tillögur við frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Það er sannfæring okkar að líf á Íslandi sé óhugsandi án íslenskrar menningar. Tungan og sagan mynda þann jarðveg sem nærir og festir rætur okkar. Hver tími hefur sinn hátt á að miðla þessum stærðum, í eina tíð var það munnleg geymd, svo ritað mál, útvarpað efni og sjónvarpað. Á okkar dögum eru sjónmiðlar afkastamiklir í miðlun veruleikans, en hér er jafnframt Akkilesarhæll íslenskrar menningar. Sú sjónvarpsdagskrá sem landsmönnum býðst nú um stundir er allnokkuð fjarri þeim markmiðum sem þó eru orðuð í drögunum, sbr. 1. gr. I. kafla. Að því er varðar hljóðvarpið sérstaklega þá hefur Rás 1 löngum verið lítt umdeildur miðill gæðaefnis. Þeim mun þungbærari er sú stöðnun sem þar hefur ríkt um of langt skeið, réttlætt í fyrstu af eftirköstum hrunsins. Nú er sá horfellir að baki og brýnt að vakna af dvala endurtekningarinnar og hefja aftur upp merki gæða og metnaðar.

Eftirfarandi er okkur efst í huga:

1. Við fögnum áformum í III. kafla, 9. grein um að skipa sjö manna stjórn sem komi að og beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins. Núverandi fyrirkomulag stofnunarinnar virðist háð geðþótta útvarpsstjóra, án minnsta aðhalds eða eftirfylgni að því er varðar hlutverk og tilgang Ríkisútvarpsins.
2. Við vörum eindregið við ákvæði í 11. gr. III. kafla er kveður á um að útvarpsstjóri skuli einn ráða starfsmenn Ríkisútvarpsins. Þess í stað er brýnt að umsækjendur um stöður séu valdir eftir hæfni að mati óhlutdrægra dómnefnda.
3. Við viljum enn fremur vekja athygli á hve illa fyrirkomulag hlutafélags hentar menningarstofnun á borð við Þjóðarútvarp sem þarf að vera í beinu samtali við eigendur sína í dagsins önn. Taka mætti mið af rekstrarfyrirkomulagi Þjóðleikhúss og Þjóðminjasafns og síðast en ekki síst Háskóla Íslands, en Ríkisútvarpið hefur á hátíðlegum stundum (þó æ sjaldnar í seinni tíð) verið nefnt “háskóli þjóðarinnar”.

Reykjavík, 27. nóvember 2012,

Guðrún Kvaran  
Hrafnhildur Ragnarsdóttir  
Kristín Helga Gunnarsdóttir  
Kristín Jóhannesdóttir  
Kristján Árnason  
Pétur Gunnarsson  
Sigurður Pálsson  
Sveinn Einarsson  
Þorbjörn Broddason